


Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2026-2028

Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar
og Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Efnisyfirlit

1	Inngangur
2	Markmið og hlutverk BFSH
3	Staða BFSH í dag
4	Framtíðarsýn barnaverndarþjónustunnar 2026-2028
5	Framkvæmdaáætlun 2026-2028
5.1	<i>Signs of Safety</i>
5.2	<i>Farsæld</i>
5.3	<i>Samræming þjónustu og úrræða</i>
5.4	<i>Úrræði BFSH</i>
5.5	<i>Neyðarvistun</i>
5.6	<i>Sameiginlegt málakerfi</i>
5.7	<i>Vinnudagar</i>
6	Lokaorð



1 Inngangur


Bæjarstjórnir Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerðu með sér samning um sameiginlega barnaverndarþjónustu með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2023 og voru samþykktar af mennta- og barnamálaráðuneytinu þann 5. júlí 2023. Samningur fyrrnefndra sveitarfélaga um stofnun sameiginlegrar barnaverndar nefnist Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar (hér eftir BFSH). Fjarðabyggð er leiðandi sveitarfélag en í því felst að fagleg ábyrgð og ákvarðanataka er hjá Fjarðabyggð og starfsfólk félagsþjónustusvæðanna lýtur boðvaldi Fjarðabyggðar.

Framkvæmdaáætlun BFSH í barnavernd 2026 – 2028 er unnin á grundvelli 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um að sveitarstjórnir skuli marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Hafi sveitarfélög með sér samvinnu er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun skv. 2. mgr. sömu greinar. Sviðsstjórar fjölskyldu- og velferðarsviða Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru ábyrgir fyrir framfylgd áætlunarinnar og hafa verkefnastjórn með henni.

Sveitarfélögin vilja stuðla að fjölskylduvænu samfélagi, frekara öryggi og velferð barna. Tilgangur framkvæmdaáætlunar er að stuðla að markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi sem og vönduðum vinnubrögðum. Lögð er áhersla á að bæta það sem gott þykir og ráðast í úrbætur þar sem gera má betur. Byggt verður á fræðilegum grunni og aðferðum sem sýnt hafa góðan árangur í barnaverndarstarfi. Framkvæmdaáætlunin er stefnumarkandi fyrir stjórnendur og leiðarvísir fyrir starfsfólk BFSH.

Framkvæmdaáætlunin er lögð fyrir fjölskyldunefnd og bæjarráð í Fjarðabyggð og velferðarnefnd og bæjarráð hjá Sveitarfélaginu Hornafirði til samþykktar. Þá er hún lögð fyrir bæjarstjórnir beggja sveitarfélaga til endanlegrar samþykktar.





2 Markmið og hlutverk BFSH

Grunnstoð barnaverndarlaga nr. 80/2002 má finna í 1. gr. en þar segir að öll börn eigi rétt á vernd og umönnun. Aukinheldur að þeir sem hafi uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju. Þá skuli foreldrar rækja uppeldis- og forsjarskyldur sínar gagnvart börnum með þeim hætti sem best hentar hag þeirra og gæta velfarnaðar barna sinna í hvívetna. Markmið barnaverndarlaga má finna í 2. gr. en þar segir að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Löggin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Alþingi lögfesti, í febrúar 2013, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er hann rauður þráður í starfsemi BFSH. Þannig leggur BFSH því lið að Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður geti kallast barnvæn sveitarfélög.

Í lögunum er ítarlega fjallað um það með hvaða hætti barnaverndarþjónustur eigi að rækja hlutverk sitt og ná markmiðum laganna. Um það gilda málsmeðferðarreglur og á grunni laganna hafa einnig verið settar verklagsreglur og reglugerðir sem öllum barnaverndarþjónustum ber að fylgja. BFSH þjónustar öll börn sem hafa fasta búsetu í Fjarðabyggð og í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Stefna BFSH er að öll börn fái tækifæri til vaxtar, þau dafni og uni sér vel í samfélögum sveitarfélaganna sem einkennast af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Lögð er áhersla á að skapa börnum góð og þroskavænleg uppeldisskilyrði þar sem þeim er tryggð jöfn þátttaka í námi og tómstundum. Höfuðáhersla er þó lögð á að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður þá aðstoð sem þarf. Eftir fremsta megni er leitast við að eiga samvinnu við foreldra og að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu. Vakni áhyggjur um velferð barna skal brugðist hratt og örugglega við, í samvinnu við þær stofnanir sem að málum þurfa að koma.

3 Staða BFSH í dag



Sameiginlegir fagfundir BFSH eru haldnir vikulega og ber stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar Fjarðabyggðar ábyrgð á og stýrir fundunum. Á fundunum er tekin afstaða til málsmeðferðar og ákvarðanir í einstökum málum. Starfsmenn þjónustusvæðanna framfylgja ákvörðunum fundanna.

Í Fjarðabyggð eru tvö stöðugildi tileinkuð barnavernd en að málum koma þó fleiri starfsmenn sveitarfélagsins. Hjá Sveitarfélaginu Hornafirði er eitt stöðugildi tileinkað barnavernd, að barnaverndinni koma þó þrír starfsmenn auk verktaka.

Barnaverndartilkynningum fjölgaði töluvert árið 2024 samanborið við árin þrjú á undan. Fleiri börn eru tilkynnt og fjöldi kannana hefur aukist. Í töflunni hér til hliðar má sjá tölfræði fyrir árin 2021 til 2024. Erfitt er að segja til um hvers vegna fjölgunin hefur orðið en líklegt er að samfélagsbreytingar, t.d. umræða um vopnaburð ungmenna, hafi aukið vitund almennings um mikilvægi tilkynninga.

Í 84. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarþjónustur skulu hafa tiltæk úrræði sem veita börnum móttöku vegna sérstakra aðstæðna. Fjarðabyggð er með samning við eitt heimili um vistun og Sveitarfélagið Hornafjörður sömuleiðis með samning við eitt heimili.

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar starfrækir Drif, hópastarf fyrir börn með fjölbreyttar taugaproskaraskanir, sem nýtt hefur verið í barnaverndarmálum. Auk þess hefur barnaverndin boðið upp á uppeldisfræðinámskeiðið Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar, til foreldra sem talið er að þurfi á því að halda. Í Fjarðabyggð hafa ekki verið nýtt sambærileg sértæk úrræði til þessa.



3 Staða BFSH í dag



BFSH nýtir sér verkfæri Samvinnu eftir skilnað (SES) sem er í umsjón Barna- og fjölskyldustofu (BOFS). Úrræðið felur í sér fræðslu og stuðning til foreldra í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita með það að marki að efla foreldrasamvinnu. Foreldrar fá þannig stuðning við að skapa börnum sínum öruggt og stöðugt uppeldisumhverfi þrátt fyrir breytingar á fjölskylduaðstæðum með hagsmuni barna og vellíðan að leiðarljósi. Auk þess fylgir úrræðinu sérhæft námsefni og verkfæri fyrir fagfólk sem geta nýtt það í daglegum störfum sínum.

Í samræmi við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2001 vinnur BFSH markvisst með öðrum þjónustukerfum að snemmtækri íhlutun og samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Lögð er áhersla á heilðræna nálgun þar sem velferð barnsins er í forgrunni og þjónusta er samræmd í gegnum öll kerfi sem snerta líf barnsins.

Þar að auki á BFSH í reglulegu samstarfi við sérfræðinga og önnur kerfi til að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra samfellda og samhæfða þjónustu. Má meðal annars nefna:

- Skóla- og frístundaþjónustu sveitarfélaganna, m.a. sálfræðinga, sérkennara og námsráðgjafa.
- Heilbrigðisþjónustu, m.a. heilsugæslu, geðheilsuteymi og barnalækna.
- Einkaaðila sem veita sérhæfðan stuðning og meðferð.
- Lögreglu og aðrar opinberar stofnanir þegar hagsmunir barnsins krefjast þess.
- Barna- og fjölskyldustofu
- Sérhæfða verktaka

Þessi þverfaglega samvinna er lykilatriði til að bregðast tímanlega við vanda barna og fjölskyldna þeirra og til að stuðla að farsæld þeirra og vellíðan til lengri tíma.

4 Framtíðarsýn barnaverndarþjónustunnar 2026-2028

BFSH er skilvirk og vönduð þjónusta og starfar með faglegum og skilvirkum hætti. Lögð er áhersla á að BFSH sé traustsins verð og vill njóta trausts meðal íbúa, jafnt sem stofnanna. Mikið er lagt upp úr jákvæðu og faglegu starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan starfsfólks og góðum starfsanda. Starfsfólk á greið og opin samskipti við sinn yfirmann sem tekur mark á skoðunum þess. Þá er lögð áhersla á símenntun starfsfólks til eflingar í starfi. BFSH geti verið fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög landsbyggðarinnar sem ekki hafa sambærileg úrræði og stærri sveitarfélög sökum smæðar eða landfræðilegrar staðsetningar.


BFSH er vel rekin þjónusta, fjármunir eru vel nýttir og ráðsemi sýnd í rekstri eins og kostur er.

BFSH tekur þátt í vinnu og stefnu BOFS og leggur áfram aukna áherslu á innleiðingu farsældarlaga. Auk þess tekur BFSH virkan þátt í innleiðingu annarra verkefna BOFS, til að mynda Signs of Safety.

Lögð er áhersla á að bera virðingu fyrir öllum einstaklingum. Hagsmunir barna ganga framar hagsmunum foreldra og forsjáraðila þegar það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi og velferð barna.



5 Framkvæmdaáætlun 2026-2028



5.1 Signs of Safety

Í apríl 2025 undirritaði BOFS samning við Elia, heimssamtök Signs of Safety, um innleiðingu hugmyndafræðinnar á Íslandi og heildræna kerfisbreytingu. Það er gert með það að marki að leggja áherslu á að barnaverndarstarf verði unnið með markvissari og kerfisbundnari hætti. Signs of Safety er gagnreynd hugmyndafræði sem á að auka samræmt verklag og veita verkfæri til að vinna með fjölskyldum í barnavernd og félagsþjónustu. Áhersla er lögð á þátttöku barna og samstarf við foreldra og önnur tengslanet þar sem öryggi barnsins er í forgrunni. Aðferðin miðar að því að gera barnaverndarsamstarf aðgengilegt, árangursríkt og miðar að varanlegum lausnum fyrir börn og fjölskyldur.

BOFS mun leiða námskeið og þjálfun og munu starfsmenn BFSH sækja námskeiðin og innleiða hugmyndafræðina í barnaverndarþjónustuna. Áætlað er að verkefnið hefjist á árinu 2025 og verði í innleiðingu til þriggja ára. Helst innleiðingin í hendur við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á sviði barnaverndar. Í þeirri áætlun kemur fram að markmið ríkisstjórnar sé að skapaðar verði forsendur fyrir BOFS til að efla stuðning og ráðgjöf við barnaverndarþjónustur um land allt m.a. með heildrænni innleiðingu fagstétta í barnavernd og félagsþjónustu á fyrrgreindri hugmyndafræði.

5.2 Farsæld

BFSH leggur áherslu á að vinna áfram markvisst að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í págu farsældar barna nr. 86/2021 (einnig þekkt sem farsældarlögin). Áfram verður unnið í nánú samstarfi við menntastofnanir, skipulagt tómstundastarf, lögreglu, heilsugæslu, félagsþjónustu og aðra sem koma að velferð barnsins og fjölskyldu þess. Markmið farsældarþjónustunnar er að tryggja snemmtæka ihlutun, samþætta þjónustu og veita barni og fjölskyldu þess samfellda og samhæfða þjónustu sem styður við farsælt líf barnsins og heilbrigðan þroska.

5.3 Samræming þjónustu og úrræða

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar starfrækir Drif og hefur boðið foreldrum upp á uppeldisfræðinámskeiðið. Fjarðabyggð hefur ekki boðið upp á sambærileg úrræði enn sem komið er. Sviðsstjórar fjölskyldu- og velferðarsviða Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar munu hittast mánaðarlega frá janúar 2026 til maí 2026 til að kortleggja sameiginlegar þarfir barnaverndarþjónustunnar svo hægt sé að samnýta vinnu við undirbúning. Markmið samræmingar er að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu BFSH óháð búsetu og að nýta mannauð, reynslu og fjármagn sveitarfélaganna á skilvirkan hátt. Í kjölfar kortlagningar verður unnið að eftirfarandi:

- Móta sameiginlegt verklag um stuðningsúrræði fyrir börn og foreldra þeirra.
- Samnýta uppeldisfræðinámskeið að því marki sem það er hægt, t.a.m. með rafrænu námskeiði eða halda námskeiðsröð í sveitarfélögunum.
- Greina möguleika á að sameina önnur forvarna- og stuðningsverkefni sem sveitarfélögin reka sitt í hvoru lagi.
- Setja fram áætlun um samnýtingu mannauðs, fræðsluefnis og úrræða.

Aðgerðaáætlun verður lögð fram í júní 2026 og tekin til endurskoðunar í desember sama ár. Ábyrgð á framgangi verkefnisins hvílir á leiðandi sveitarfélagi.

5 Framkvæmdaáætlun 2026-2028



5.4 Úrræði BFSH

Tilsjón er úrræði samkvæmt barnaverndarlögum sem felst í því að barnavernd fylgist með aðstæðum barns og fjölskyldu þess, t.d. með reglulegum heimsóknnum starfsmanns heim til fjölskyldunnar. Markmiðið er að styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu, tryggja öryggi barnsins og fylgjast með því að áætlaðar úrbætur séu að skila árangri. Tilsjón er því bæði eftirlits- og stuðningsúrræði, þar sem áhersla er lögð á að greina snemma hvort grípa þurfi til frekari aðgerða.

Persónulegur ráðgjafi er ætlaður börnum og ungmennum sem þurfa á sérstakri leiðsögn og stuðningi að halda vegna aðstæðna sinna. Ráðgjafinn er tengiliður barnsins við þjónustukerfið og vinnur að því að efla sjálfstæði, félagsfærni og öryggi barnsins. Markmiðið er að tryggja stöðugleika í lífi barnsins, samfellda þjónustu og stuðla að farsælli framtíð með einstaklingsmiðaðri og traustri aðstoð í samræmi við þarfir hvers barns.

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði sem miða að því að léttu álagi af foreldrum og skapa börnum jákvætt og öruggt umhverfi utan heimilisins. Barn getur dvalið hjá stuðningsfjölskyldu í ákveðinn tíma, t.d. um helgar eða í fríum, til að fá hvíld frá aðstæðum á heimili sínu eða til að njóta félagslegra og þroskandi tækifæra sem annars væru takmörkuð. Stuðningsfjölskyldur gegna því tvíþættu hlutverki: Annars vegar að styðja barnið með öruggri og nærandi umgjörð, og hins vegar að veita foreldrum andrými og aukið svigrúm til að sinna sínu uppeldishlutverki.

BFSH leitar fjölbreyttra og skapandi leiða til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Þjónustan nýtir auk þess úrræði frá opinberum stofnunum jafnt sem einkaaðilum, eftir því sem við á hverju sinni. Með því er tryggt að lausnir séu sveigjanlegar, faglegar og miði að því að styðja við farsæld og velferð barnsins á heilðrænan hátt.

5.5 Neyðarvistun

Fjarðabyggð hefur gert samning við einn einstakling sem tekur að sér neyðarvistun í sveitarfélaginu skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur sömuleiðis gert samning við einn einstakling um neyðarvistun. Ljóst er að BFSH þarf að auka úrræði sé barn þegar í vistun og kemur að annarri neyðarvistun sem krefst tafarlausra viðbragða. Hvorugt sveitarfélaganna rekur sérstakt neyðarvistunarheimili. Úrræðin byggja alfarið á samningum við fjölskyldur sem taka að sér neyðarvistun.

Mikilvægt er að BFSH vinni markvisst að því að fjölga neyðarvistunarúrræðum þannig alltaf sé hægt að bregðast við bráðum neyðartilvikum á skjótan máta.

5.6 Sameiginlegt málakerfi

Frá sameiningu barnaverndarþjónustunnar hefur hvort sveitarfélag fyrir sig haldið úti sitt hvoru málavinnslukerfinu. Það hefur gert það að verkum að erfiðara er að hafa heildaryfirsýn yfir fjölda virkra mála, lokin mál, nýjar tilkynningar og tölfraði fyrir BFSH í heild.

Bæði Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður styðjast við One System til gagnageymslu og við vinnslu mála. Vorið 2025 hófst vinna við að sameina kerfin þannig að BFSH hafi sameiginlega yfirsýn yfir öll mál og geti nýtt starfsmenn til ákveðinna verka á skilvirkari hátt, óháð landfræðilegri staðsetningu. Áætlað er að sameiningunni ljúki fyrir árslok 2025 og taki fullt gildi frá og með janúar 2026. Samhliða breytingunum verða tekin í notkun samræmd og uppfærð eyðublöð fyrir BFSH.


5 Framkvæmdaáætlun 2026-2028

5.7 Vinnudagar

Vinnudagar starfsfólks BFSH eru haldnir tvisvar sinnum á ári, sá fyrri að vori og sá síðari að hausti. Eru fundirnir haldnir til skiptis í hvoru sveitarfélagi og eru tveir dagar að lengd. Vinnudögunum er ætlað að efla samstöðu, samræma vinnulag og miðla reynslu. Þá gefur það starfsfólki færi á að kynnast betur og geti átt auðveldari samskipti, sem og að byggja upp sameiginlega starfsmenningu BFSH.

Á vinnudögunum er lögð áhersla á:

- fræðslu og faglega umræðu um málefni barnaverndar,
- sameiginlega úrvinnslu á áskorunum og verkefnum sem þjónustan stendur frammi fyrir,
- samræmingu verklags og þróun nýrra úrræða,
- teymisvinnu og styrkingu tengsla starfsfólks BFSH.



Lokaorð

Barnaverndarþjónusta BFSH mun á árunum 2026–2028 byggja upp faglega, skilvirka og barnmiðaða þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna í nútíma samfélagi. Með öflugri innviðum, samstarfi og gagnadrifinni nálgun verður unnið að því að tryggja öllum börnum velferð, öryggi og tækifæri til að vaxa og dafna.



Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2026-2028

Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar
og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Ábyrgðaraðili:

Laufey Þórðardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og
Skúli Ingibergur Þórarinsson, sviðsstjóri velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Búðareyri 2
730 Fjarðabyggð
470 9000
fjardabyggd@fjardabyggd.is

Unnið af: Sigur ráðgjöf ehf. / www.sigur.is